

Fundur 19.febrúar 2019 kl 19:30

Mættir Alma, Atli, Brynja og Edda

Staðan á reikningi Foreldrafélags er góð. Einhver foreldraráð eiga eftir að fá sinn pening. Brynja ætlar að fara yfir þá stöðu.

Árshátíð

-eigum von á beiðni um styrk fyrir launum leikstjóra. Samþykkjum að veita styrk líkt og undanfarin 2 ár.

- ath líka með annars konar styrk, td þarf að kaupa eitthvað fyrir árshátíðina. Td eitthvað tengst tónlist, magnara eða annað sem skólinn gæti átt í einhver ár. Athugum þetta.

-10.bekkur ætlar ekki að vera með kaffisölu á árshátíðinni einsog undanfarin ár. Níundar bekkjar foreldrum var boðið að taka það en þau afþökkuðu. Spurning hvernig þetta verður...ræðum þetta aðeins... hefð að vera með kaffihlaðborð, leitt að sleppa því en 10.bekkur er fámennur og foreldrar treysta sér ekki í verkið. Mætti einfalda þetta með einhverjum hætti... ýmsar vangaveltur.

Beiðni frá nemanda/vinaliða um að kaupa fleiri þoturassa.

-Brynja heldur að það séu til fleiri nú þegar, ætlar að athuga það.

Tillaga okkar er að Vorhátíð verði haldin miðvikudaginn 27.maí frá 11:30-13:00. Brynja skilar því til yfirmanna skólans.

Samtaka

Ræðum það að fundir/fræðsla í skólum virðist ekki fá góða mætingu. Fólk mætir frekar á stærri málþing t.d. í Hofi. Líklega því betra að sameinast um fræðslu/fyrirlestra fyrir alla skóla ef við viljum að fólk mæti.

Umræða um skipulagið í kringum skólann og skipulagið í kringum Þór. Fyrirhugaða leikskólabyggingu, sundlaug, íþróttahúsið ofl. Einnig aðbúnað hér í skólanum, mikið af húsgögnum úr sér gengin oþh. Alma og Edda ætla að reyna fara á fund eða senda erindi til bæjarstjórnar/bæjarfulltrúa og fá einhver svör þar sem þessi plön um hverfið stangast á og verulega virðist þengt að útivistarsvæðinu við skólann.